

Heilbrigðisnefnd

Ár 2017, 8. desember var haldinn 122. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í fundarsal: Hofi, 7. hæð austur, að Borgartúni 12-14 og fundurinn hófst kl. 10.36. Viðstödd voru: Sabine Leskopf, Diljá Ámundadóttir, René Biasone, Björn Birgir Þorláksson, Björn Gíslason, Ólafur Jónsson og Gréta Björg Egilsdóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Árný Sigurðardóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir.

Fundarritari var Örn Sigurðsson.

Petta gerðist:

1. Kynningar á köflum um loftgæði, hljóðvist og vatn í umsókn Reykjavíkurborgar um Grænu borg Evrópu.

Svava Svanborg Steinarsdóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir taka sér sæti undir þessum lið.
2. Kynning á stöðu mála varðandi olíumengun við Krókháls og í Grófarlæk.

Kristín Lóa Ólafsdóttir tekur sér sæti undir þessum lið.
3. Lagt fram erindi skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, dags. 13. nóvember 2017, um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Einnig er lögð fram fundargerð 118. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 30. nóvember 2017.
4. Lagt fram erindi Bréddúfufélags Íslands, dags. 4. október 2017, umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 13. nóvember 2017, og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 1. desember 2017.

Svava Svanborg Steinarsdóttir tekur sér sæti undir þessum lið.
5. Lagður fram listi, dags. 8. desember 2017, yfir samþykkt tóbaks- og starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Jafnframt lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur nr. 1255-1260.
6. Lagður fram listi, dags. 8. desember 2017, yfir samþykkt hundaleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Fundi slitið kl. 12.35

Sabine Leskopf

Diljá Ámundadóttir
Björn Birgir Þorláksson
Ólafur Jónsson

René Biasone
Björn Gíslason